

Vestmannaeyjabær

B.t. Dagnýjar Hauksdóttur

Ráðhúsinu

900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 5. janúar 2021

Vegna erindis nr. 202012013 dh

## **Erindi: Höfðaból – grenndarkynning vegna innkeyrslu og stækkunar á geymslu**

Húsfélagið Höfðaból 1. hæð hefur mótttekið erindi vegna grenndarkynningar í samræmi við 7. mgr. 43.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir aðkomu að Höfðabóli um veg norðan við Steinstaði til að bæta aðkomu íbúa að húsinu. Einnig var óskað eftir leyfi fyrir stækkun á gámageymslu með viðbótargám við þann sem fyrir er í vesturmörkum lóðar.

### Aðkoma

Eigendur 1. hæðar Höfðabóls gera ekki athugasemdir við veg norðan við Steinstaði sem gerður er til að bæta aðkomu íbúa að efri hæð Höfðabóls og liggur beint að bílplani bíls fyrir efri hæðina, eins og fram kemur á mynd merkt með gulu, sjá fylgiskjal frá Vestmannaeyjabæ. Eigendur vilja þó koma þeim athugasemdum á framfæri við skipulagsfulltrúa að leyfi fyrir stærð bílastæðis sé í samræmi við íbúafjölda á 2. hæð Höfðabóls eða fyrir um 2-3 bíla, enda gerir öll hæðin ráð fyrir aðsetri einnar fjölskyldu og ekki gert ráð fyrir skipulagi húsnæðis fyrir fleiri íbúa.

Aðkoma eiganda efri hæðar, með veltengingu beint að efri hæð Höfðabóls, tengist líkamlegum erfiðleikum eiganda til að fara upp tröppur frá 1. hæð upp að aðalinngangi efri hæðar. Sanngjarnt er að taka tilliti til þess. Það á þó ekki að þýða að vegur þurfi að skera svo mjög í umhverfið sem hann gerir og nægir að vera einbreiður.

**Eigendur 1. hæðar Höfðabóls gera alvarlegar athugasemdir og samþykkja alls ekki að í framhaldi vegaslóða upp að efri hæð Höfðabóls sé gerður vegslóði austan við Höfðaból, á milli Höfðabóls og Suðurgarsðs, sem fari niður fyrir Höfðaból í suðaustur og inn á lóð 1. hæðar. Sá vegslóði hefur verið lagður án leyfis og algerlega í andstöðu við eigendur neðri hæðar höfðabóls. (Sjá meðfylgjandi loftmynd sem fylgir póstinum). Vegaslóðinn er sagður vera vinnuvegur á meðan verið var að vinna við neðri hæðina en mikilvægt að hann sé**

fjarlægður og settur þverveggur uppi til að fyrirbyggja að ekið sé niður. Þar niðri eru svefnherbergisgluggar neðri hæðar og algerlega ófært að þar séu bílstæði eða akstursleið.

### Gámageymslur – og aðkoma að þeim

Eigendur 1. hæðar Höfðabóls gera ekki athugasemdir við viðbótargám **sem þegar er kominn á lóðina** og liggur samhliða öðrum gámi. Eigendur 1. hæðar samþykkja hann ef frágangur er kláraður á þaki gámsins, sem falli í sömu hæð og nú er á fyrri gámi, en þar á að vera gras yfir til að hylja gáminn. Í dag blasir þar við bárujárn. Vegur frá Stórhöfðavegi að gámunum er óþarfa umhverfisspjöll sem mótmælt er. Engin þörf er á vegaslóða að gámunum, enda sjaldan sótt í þá en auðvelt að aka inn á túnið þegar þarf. Það svæði þarf því að tyrfa yfir.

Virðingarfyllst, eigendur Höfðabóls 1. hæð.

Bergþóra Karen Ketilsdóttir

Margrét Sigfúsdóttir

Þór Sigfússon

Árni Sigfússon

Sif Sigfúsdóttir

Gylfi Sigfússon

Þetta bréf er sent á netfang Dagnýjar Hauksdóttur hjá Vestmannaeyjabæ og afrit til eigenda Höfðabóls 1. hæðar.